



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Saga Íslendinga er á margan hátt líkust ævintýri. Í baráttu við óblíð náttúruöfl og erfið lífsskilyrði urðu bændasynir og heimasætur sigurvegarar í krafti vitsmuna sinna, hæfni og mannkosta.

Sumir telja að frásagnir af afreksfólki til sveita séu goðsagnir sem þjóðin hafi smíðað til að réttlæta tilveru sína og amstur hér við nyrsta haf.

Kvísker er táknaður sem sannar að veruleikinn slær í takt við hjarta ævintýrisins. Umkringd töfrasölum íslenskrar náttúru gerðu systkinin á Kvískerjum bæinn að Mekka vísindamanna og fræðafólks víða að úr veröldinni. Þau sýndu með lífsverki sínu að íslenskt alþýðheimili getur jafnast á við fremstu háskóladeildir.

Rannsóknir bændanna á Kvískerjum, ritverk og frásagnir eru merkar heimildir um frumsköpun vísinda og þekkingar, dæmasafn um kraftbirtingu íslenskrar menningar eins og hún gerist best.

Töfraheimur Íslands var vettvangur þeirra og viðfangsefni: Blóm í haga, fossar, fuglar og fjallgarðar, gosmenjar og gönguslóðir, jöklatign og hamfarir, mannvist og þjóðhættir, samfylgd hests og húsbónda um sandauðnir og jökulsár. Íslensk náttúra og þjóðlíf í hnotskurn .

Kvískerjabók er í senn heiðursrit um lífsstarf mikilhæfrar fjölskyldu og dæmisaga um þá eðalkosti sem gert hafa Íslendinga að þjóð.

(undirskrift)